



Kaupmáttarþróun lakari en á síðasta ári – þrátt fyrir meiri launahækkunir

Kjarasamningsgerð ársins langt komin


Í upphafi ársins 2014 náðist víðtæk sátt á íslenskum vinnumarkaði um að gera einskonar brúarsamning til eins árs með hóflegri almennri launahækkun og meiri hækkunum til þeirra lægst launuðu. Ætlunin var svo að nota samningstímamann til þess að undirbúa einhvers konar ramma utan um heildarsamning fyrir öll samtök á vinnumarkaðnum sem sæmileg sátt yrði um. Í sameiginlegum viðræðum allra aðila vinnumarkaðarins stóð m.a. til að ræða möguleika atvinnulífsins á að ná fram kaupmáttaraukningu, ræða nýjar leiðir á fyrirkomulagi lífeyrisgreiðslna og létta álögum hins opinbera á einstaklinga og fyrirtæki svo eitthvað sé nefnt.

Þegar líða tók á árið varð ljóst að lítið yrði um samvinnu milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins um sameiginlega kjarastefnu. Margt fór öðruvísi en stefnt var að, t.d. beittu bæði framhaldsskólakennarar og læknar verkföllum til þess að ná fram verulegum kjarabótum, stjórnvöld lækkuðu ekki atvinnuþryggingargjöld á atvinnulífið í takt við lækkandi atvinnuleysi og innan ASÍ voru ekki lagðar fram sameiginlegar kjarakröfur. Það sem af er árinu hafa mörg verkföll komið til framkvæmda og nú hafa verið boðuð verföll hópa starfsmanna ríkisins í næstu viku.

Mismunandi kaupmáttarárangur


Árangur af samningnum í upphafi ársins 2014 var einstakur hvað kaupmáttarþróun áhrærir. Kaupmáttur launavísitölunnar jókst um 5,8% á árinu 2014, en launavísitalan sjálf hækkaði um 6,6%. Í ár hefur launavísitalan hækkað um 6,1%, en kaupmátturinn um 3,6% frá áramótum til ágúst. Munurinn á hækkun launavísitölunnar í ár og í fyrra er ekki mikill, sérstaklega í ljósi þess að launahækkunir í samningum í ár voru mun meiri en í fyrra. Þarna kemur ýmislegt til. Í fyrsta lagi voru samningar gerðir mun fyrr á árinu 2014 en nú og því koma áhrif þeirra fyrr fram. Í öðru lagi mælir

Launþróun og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Hækkun launa og kaupmáttar 2014 og 2015



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkunir hópa á 2. ársfj. 2015



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



launavísitalan ekki einungis kjarasamningsbundnar hækkanir heldur allar launabreytingar þ.m.t. launaskrið. Breyting launavísitölunnar í fyrra gæti t.d. bent til þess að launaskrið hafi verið töluvert á þeim tíma. Reyndar er yfirleitt rætt um hækkanir samningsbundinna launa á almennum markaði í samhengi við verðbólguna. Launavísitalan á hins vegar að sýna meðallaunabreytingar allra á vinnumarkaðnum og vekur staða sveitarfélaganna sérstaka athygli í þessu sambandi, en þar hafa laun hækkað meira en á öðrum mörkuðum.


Eru spár um verðbólgu á villigötum?

Bæði í aðdraganda síðustu kjarasamninga og í kjölfar þeirra hefur verið spáð aukinni verðbólgu. Verðbólgan hefur samt ekki aukist að ráði enn sem komið er. Í því sambandi hefur verið bent á að utanaðkomandi þættir hafi verið okkur óvenjulega hagstæðir, t.d. lækkun á olíuverði, sterkari króna og verðhjöðnun í Evrópu. Fleiri þættir, sem ekki hafa verið eins mikið ræddir, gætu haft áhrif þarna. Getur t.d. verið að fyrirtækin í landinu hafi einfaldlega haft getu til þess að taka á sig miklar launahækkanir? Þá er líka spurning hvort samkeppni á markaði hér á landi komi í veg fyrir að hækkanir launa fari að öllu leyti út í verðlag eins og venjan hefur löngum verið. Flestir verðbólguþáttmenn eru væntanlega enn á því að verðbólga muni aukast töluvert í kjölfar kjarasamninga í vor og sumar, áhrifin hafi einfaldlega tafist eitthvað. Verðbólguþáttmenn hafa verið færðar eitthvað niður á við, t.d. verðbólguþáttmenn Seðlabankans. Sé litið á einstaka undirliði verðbólgunnar má þó sjá að innlendar vörur hafa tekið stökk upp á við á síðustu mánuðum sem er nokkuð úr takti við aðra undirliði vísitölunnar sem styður við hefðbundið samhengi launa- og verðhækkana.

Erum við á slæmum stað?


Umræðan hér á landi gengur yfirleitt út á að staða launamála sé verri hér en gerist og gengur og það sama gildi um þróun yfir tíma. Sé litið á kaupmátt launavísitölu, sem á að sýna þróun meðallauna í landinu, má sjá að raunlaun hafa aldrei verið hærri en nú er. Kaupmáttur launa varð mestur um mitt ár 2007 og hafði þá aukist um rúm 20% frá upphafi aldarinnar. Kaupmátturinn féll svo um ca. 14% fram til maí 2010 þegar hann var lægstur. Kaupmátturinn

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innflutt og innlend verðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands



náði svo aftur fyrra hámarki í nóvember á síðasta ári og er rúmlega 3% hærrí nú.

Var farið of langt?

Nú eru næstu skref í svokölluðu höfrungahlaupi vinnumarkaðarins væntanleg og boðað hefur verið til næstu verkfallshrinu sem enn einu sinni mun bitna fyrst og fremst á Landspítalanum. Samtímis komu líka fram merki um að aðilar vinnumarkaðar væru farnir að staldra við og hugsa sinn gang. Fréttir bárust af viðræðum aðila á hæsta plani um stöðuna, hvert mál væru að fara og hvort rétt væri að reyna að stöðva þá þróun sem nú er í gangi og huga að umbótum og bættu samstarfi á vinnumarkaði til þess að koma í veg fyrir að mál fari í sama farveg aftur. Það leit þannig út fyrir að til stæði að endurvekja það starf sem rann út sandinn í upphafi ársins 2014. Því miður virðist hafa slitnað upp úr þeim viðræðum sem ekki eru jákvæð merki fyrir efnahagsþróun og hag landsmanna.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.